



**ORKUSTOFNUN**

RANNSÓKNASVIÐ - Reykjavík, Akureyri

# **Jarðgrunnskort af Eyjabökkum**

**Ingibjörg Kaldal  
Skúli Víkingsson**

**Unnið fyrir Landsvirkjun**

**2000**

**OS-2000/068**

Skýrsla nr: OS-2000/068	Dags: Desember 2000	Dreifing: <input checked="" type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill: Jarðgrunnskort af Eyjabökkum		Upplag: 40
		Fjöldi síðna: 10 + kort 1:25.000
Höfundar: Ingibjörg Kaldal og Skúli Víkingsson	Verkefnisstjóri: Ingibjörg Kaldal	
Gerð skýrslu / Verkstig: Jarðgrunnskortlagning, samantekt	Verknúmer: 8-860084	
Unnið fyrir: Landsvirkjun		
Samvinnuaðilar:		
<p><b>Útdráttur:</b></p> <p>Í skýrslunni er gerð grein fyrir kortlagningu lausra jarðlaga á Eyjabökkum. Verkið er unnið af Rannsóknasviði Orkustofnunar fyrir Landsvirkjun og er þáttur í söfnun upplýsinga í gagnagrunn um ýmis landform mótuð af jöklum, sem gætu haft verndargildi í framtíðinni. Það er aftur liður í Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og að hluta kostað af Orkusjóði. Landslagi á svæðinu er lýst stuttlega, og því næst fjallað um jarðgrunnninn, s.s. jökulruðning, ár- og vatnaset, jökulgarða og jarðveg. Að lokum er rakin framrás Eyjabakkajökuls á sögulegum tíma.</p>		
Lykilord: Jarðfræði, jarðgrunnur, lónset, jökulárset, kort, Eyjabakkar	ISBN-númer: 9979-68-061-X	
	Undirskrift verkefnisstjóra: <i>Ingibjörg Kaldal</i>	
	Yfirfarið af: PI	





**ORKUSTOFNUN**  
Rannsóknasvið

Verknr. 8-860084

**Ingibjörg Kaldal  
Skúli Víkingsson**

## **Jarðgrunnskort af Eyjabökkum**

**Unnið fyrir Landsvirkjun**

**OS-2000/068**

**Desember 2000**

**ISBN 9979-68-061-X**

**ORKUSTOFNUN - RANNSÓKNASVIÐ**

Reykjavík: Grensásvegi 9, 108 Rvk. - Sími 569 6000 - Fax 568 8896

Akureyri: Glerárgötu 36, 600 Ak. - Sími 463 0957 - Fax 463 0998

Netfang: os@os.is - Veffang: <http://www.os.is>

## EFNISYFIRLIT

1. Inngangur	3
2. Landslag á Eyjabökkum	3
3. Jarðgrunnur	3
3.1 Jökulruðningur	3
3.1.1 Ytri-Bergkvísl	4
3.2 Ár- og vatnaset	4
3.3 Þökulgarðar	5
3.4 Jarðvegur	5
4. Framrásir Eyjabakkajökuls á sögulegum tíma	6
4.1 Framhlaupið 1890	6
4.2 Framhlaup árið 1931	6
4.3 Framhlaup árið 1938	8
4.4 Framhlaup 1972-1973	8
4.5 Framhlaup rétt fyrir 1990 ?	8
4.6 Hugleiðingar um framhlaup Eyjabakkajökuls	8
5. Skálarjöklar í Snæfelli	9
6. Heimildir	9

Jarðgrunnskort í mælikvarða 1:25.000

í kápuvasa

## 1. Inngangur

Á undanförnum þemur árum hefur verið unnið að því á Orkustofnun að safna í gagna-grunn upplýsingum um ýmis landform mótuð af jöklum, sem gætu haft verndargildi þegar valið verður milli ýmissa virkjanakosta í framtíðinni. Verkið er liður í *Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðhita* og er að hluta kostað af Orkusjóði. Landsvirkjun hefur tekið þátt í verkefninu með árvissu framlagi. Árið 1999 óskaði Landsvirkjun eftir því að áherslan yrði lögð á svæðið norðan Vatnajökuls og var það gert.

Í framhaldi af því bauð Orkustofnun Landsvirkjun að gera jarðgrunnskort af næsta um-hverfi Hálslóns og Eyjabakkalóns, og var samið um það verk 6. mars 2000. Jarðgrunnskort af Hálslóni er komið út (Ingibjörg Kaldal og Skúli Þíkingsson, 2000).

## 2. Landslag á Eyjabökkum

Jökulmótun landslags er ekki eins áberandi á Eyjabökkum eins og bæði vestar (dalur Jökulsár á Brú) og austar (Austfirðir). Landslagið einkennist öðru fremur af hinu mikla og tiltölulega unga Snæfelli sem gnæfir yfir Eyjabakka. Þótt dalir séu ekki miklir fyrr en fer að draga til Norðurdals þá sýna zeðlitar að jökull hefur grafið um 250 m ofan af tertíera staflanum á Múla (Ágúst Guðmundsson, f: Oddur Sigurðsson 1985). Samkvæmt því mætti ætla að austan við Snæfell gæti samsvarandi rof hafa numið um 200 m. Jökulrofið hefur líka myndað dældir sem summar hafa fyllst af seti eins og lægðin sem Jökulsá rennur eftir og lægð sem Kelduá rennur um austan Folavatns (austan við kortið). Minni lægðir eru margar, ýmist með stöðuvötnum eða setfylltar.

## 3. Jarðgrunnur

### 3.1 Jökulruðningur

Hann er torfundinn víðast hvar á Fljótsdalsheiði, Eyjabökkum og Hraunum. Hans var ákæft leitað á árum áður til að nota í kjarna jarðstíflna. Snaudstu svæðin að þessu leyti eru Hraun, Múli og Eyjabakkar, þar sem stærstu jökulruðningsnámur sem fundust eru að-eins nokkrir tugir þúsunda rúmmetra hver (með einni undantekningu þó, sjá Ytri-Bergkvísl hér á eftir). Yst á Múla og við Gilsárvötn, og þar norður af á Fljótsdalsheiði, fer að verða meira um jökulruðning. Auðugasta svæðið er við Hölknaðar sem tota frá jöklinum, sem skreið fram vestan við Snæfell, teygðist til austurs.

Þessi dreifing jökulruðnings verður auðskilin þegar skriðstefna jökuls er athuguð. Ísaskil jökulsins, sem skreið fram austan við Snæfell, voru u.p.b. á núverandi vatnaskilum í suðri og austri. Hann var því skammt að kominn, þegar hann skreið yfir Hraun, Múla og innanverða Fljótsdalsheiði. Þessi svæði voru því rofsvæði jökulsins. Þegar lengra kom, fór hann að setja af sér efnið sem hann tók með sér á fyrrgreindum svæðum. Hins vegar var jökullinn, sem skreið fram vestan við Snæfell kominn langt að og hefur hann verið

upprunninn á svipuðum slóðum og Brúarjökull er nú. Hann var því kominn langt frá rofsvæði sínu og var hlaðinn efni þegar hann teygði totu sína austur að Hölná á hörfunar-tímanum.

### 3.1.1 Ytri-Bergkvísl

Sumrin 1980 og 1981 var sérstök áhersla lögð á að leita að kjarnaefni fyrir Eyjabakka-stíflu. Jökulruðningur við Ytri-Bergkvísl var talinn koma einna helst til greina, einkum þar sem u.p.b. helmingi styttra er þaðan en frá Hölná (utan jarðgrunnskorts) að fyrirhug-uðu stíflustæði. Borholur, jarðsveiflumælingar og aðrar athuganir benda til þess að ruðningurinn sitji í skorningi, e. t. v. formu árgili, 9 til 10 m djúpu þar sem dýpst er, með NNV-læga stefnu. Heildarrúmmálið var áætlað um 0,5 milljónir rúmmetra, en það er miklu meira en á nokkrum öðrum stað austan Snæfells.

Ýmsir eiginleikar efnisins ollu því þó að það var ekki talið fýsilegt í kjarna Eyjabakka-stíflu (Skúli Víkingsson o.fl. 1982). Efnið muldist mjög við sigtun og kornastærðargreiningar skiptust af þeim sökum mjög í tvö horn eftir því hve efnið var þvegið lengi. Erfitt er að finna síu við hæfi. Þjöppunar- og lektarpróf sýndu mjög hátt rakastig við mestu þjöppun, frekar litla lekt og mjög litla rúmþyngd.

Mikill hluti efnisins er úr ljósnum vikri. Þetta getur skýrt hvort tveggja, litla rúmþyngd og mikið niðurbrot efnis við þvott. Nærtækast er að ætla að vikurinn sé kominn af Snæfells-svæðinu. Auk þess sýna jökulrákir í námunda við Bergkvísl (ein af þeim mælingum sést á jarðgrunnskortinu rétt austan við jökulruðningsnámuna) að jökull kom fyrst úr vestri en síðan úr suðri og suðaustri. Líklega hefur vestanjökullinn borið með sér mikið af gjóskukanndu efni frá Snæfellssvæðinu, en sunnanjökullinn hefur verið mjög skammt að kominn og sorfið landið en skilið lítið eftir sig af efni. Jökulruðningurinn við Ytri-Bergkvísl hefur þá sennilega varðveisist vegna þess að hann er í hléi við jökulskrið að sunnan.

### 3.2 Ár- og vatnaset

Gamalt jökulárset er nánast ekkert á því svæði sem kortið nær yfir. Jökulár hafa vissulega myndað mikið efni, en það eru ár frá nútímajökli og efnið er að mestu ennþá í takt við þau ferli sem enn eru í gangi.

Árset og jökulárset í myndun þekur stór svæði. Nyrst á svæðinu er keila Hálsjökuls. Hún var könnuð árið 1981 með þéttu neti könnunargryfja (Skúli Víkingsson o.fl. 1982). Efnið er gríðarmikið og þekur um two og hálfan km<sup>2</sup>, svo að rúmmál þess er líklega á milli 5 og 10 milljón m<sup>3</sup>. Efnið var þó ekki æskilegt til nota í mannvirki vegna þess hve mikið er þar af léttum og brothættum molum úr ungu og súru gosbergi auk þess sem fínefni úr jökulánum, sem um keiluna renna, hefur sest til milli korna í slíkum mæli að efnið er mjög þétt og af þeim sökum ekki heppilegt í stoðfyllingu.

Innar í undirhlíðum Snæfells er önnur, minni keila, sem gengur niður frá gilkjafti Dimmagils, og er þar raunar um tvær samvaxnar keilur að ræða. Árnar, sem um hana renna, eru bergvatnsár, og efnið mjög lekt. Meðalkornastærðin minnkar niður keiluna, eins og vera ber, en ráðandi berggerð er þéttulkorna basalt og andesít. Rúmþyngd efnis

og vatnsleiðni er mun meiri en í efni stóru keilunnar. Efni syðri keilunnar er auk þess að jafnaði mélusnauðara en efni stóru keilunnar. Eftir fyrrnefnda könnun var áætlað að efn-ið í keilunni væri ekki undir einni milljón m<sup>3</sup>.

Enn innar er ennþá minni keila Þjófagilsár sem endar í forblautum mýrum, Þjófagilsflóa. Gegnt Þjófagilsá, austan Eyjabakka er allmikil, hallalítill keila Ytri-Bergkvíslar.

Áreyrar frá Eyjabakkajökli þekja stóran hluta Eyjabakkalægðarinnar. Vatn frá vesturhluta jöklusins fór vestan við Eyjafell allt fram á síðustu ár. Á kortinu má sjá gríðarmikla eyri sem myndaðist framan við jökulinn við mestu framrás hans um 1890. Eyrin, sem er að miklum hluta úr möl, mjókkar mjög á móts við Eyjafell en breikkar aftur þar fyrir neðan og myndar mikla, sendna, keilulagaða, eyri. Hallinn er ekki nema um 4 m á km. Vatn frá austurhluta jöklusins hefur myndað miklu minna efni. Austast eru allnokkrar eyrar.

Framan við jökulinn var allstórt lón (Eyjabakkalón) sem tók lengi við grófasta aurburði úr ám frá miðbiki jöklusins. Fyrir nokkrum árum (eftir 1984 en fyrir 1997) fór vestasta kvíslin að renna í þetta vatn líka. Það hefur flýtt fyrir fyllingu þess og á loftmyndum sem teknar voru 1998 er mjög lítið eftir af þessu vatni. Vatnamælingar Orkustofnunar mældu leifarnar af vatninu sumarið 1999 (Sigvaldi Árnason, 2000). Þá var það ekki nema 0,18 km<sup>2</sup> að flatarmáli og mesta dýpi sem mældist var 2,35 m. Meiri hluti vatns frá jöklinum rennur nú þarna um miðbikið og ómiðlað út að jökulgörðunum. Þetta hefur haft það í för með sér að meira hefur étist úr görðunum síðustu ár en gert hefur lengi. Þetta stafar meðal annars af því að við aukið vatnsmagn verður bylgjulengd bugða lengri. Auk þess fer að berast meira efni út á eyrarnar næst innan við garðana og hækkar þær. Þar sem áin kemur nú upp að görðunum hefur grafist skarð í innsta hluta þeirra og virðist ekki langt í það að hún rífi sig í gegn, sem mun valda því að meiri hluti Jöklulsár á Fljótsdal myndi renna yfir næst stærsta mýrafláka Eyjabakka og hylja hann að stórum hluta jökulvatni og -aur. Ætla má að sú eyri sem þá myndast verði svipuð að sjá og sú sem er næst norðan við Eyjafell núna.

### 3.3 Jökulgarðar

Engir garðar hafa fundist frá síðjökultíma á því svæði sem kortið nær yfir og raunar hvergi með vissu á Múla né Hraunum. Þeir eru hins vegar áberandi vestan við Snæfell og þaðan norður eftir.

Á nútíma hefur Eyjabakkajökull hins vegar skilið eftir sig jökulgarða. Framhlaupasaga Eyjabakkajöklus er rakin í kafla 4 hér á eftir.

### 3.4 Jarðvegur

Mýrar eru miklar á Eyjabökkum. Myndunaraðstæðum má skipta í þrjá flokka: (1) Lægðir þar sem mýrar hafa komið í stað stöðuvatna eins og á svæðinu austan við nyrsta hluta Eyjabakkalægðarinnar. (2) Mýrar neðan við aurkeilur, þar sem vatn sem seytlar um keilurnar sér mýrinni fyrir nægilegri bletytu. (3) Mýrar milli áreyra. - Stærsta samfellda mýrin er sú sem er næst austan við Eyjafell.

Purrlendisjarðvegur er hvorki mikill né útbreiddur. Þó gætir nokkuð áfoks af eyrum Jöklulsár einkum af grófari og hallameiri hluta þeirra sunnan Þjófagilsflóa. Þar hefur myndast nokkur áfoksjarðvegur, en það sem merkt er R1 norðar á svæðinu eru frekar þunnir móar.

## 4. Framrásir Eyjabakkajökuls á sögulegum tíma

Framhlaupasaga Eyjabakkajökuls er ekki eins vel þekkt og Brúarjökuls. Með vissu er vitað um framhlaup árið 1890, en þá hljóp Brúarjökull einnig. Vitað er um gang í jöklum árin 1931 og 1938. Síðasta framhlaupið sem vitað er um með vissu var árin 1972-1973. Hér á eftir verður fjallað stuttlega um framhlaupin hvert fyrir sig.

### 4.1 Framhlaupið 1890


Þorvaldur Thoroddsen kom að Eyjabakkajökli 1994. Í Ferðabók sinni (1914) segir hann jökulinn hafa hlaupið tölувert fram haustið 1890. Lýsir hann ummerkjum hlaupsins austan við Eyjafell. "Par ægir öllu saman; mold og grassvörður hefur blandast saman við ís og aur, leir og möl í jökulöldunum, og er það allt í einum sambreykskingi." Lýsir hann görðunum (Hraukum) á eftirfarandi hátt: "... fyrir framan hinum eiginlegu jökulöldur eru glögg merki þess, hve brýstingurinn hefir verið afarmikill; jarðvegurinn hefir fyrir þunga jöklusins vafist upp í hringstykki bylgjumynduð, er fylgja jöklinum, og lækka jarðvegs-bylgjurnar eftir því sem fjær dregur jökluröndinni; næst hefir svörðurinn vafist upp eins og risavaxnar pönnukökur, og er sandur og möl innan í; ..." Lýsir hann því líka hvernig jökkullinn hefur gengið fram á Eyjafell. Vestan þess voru "... þverhníptir íshamrar í jökluröndinni ..." Getur Þorvaldur þess að vesturhluti jöklusins hafi verið alveg genginn fram af jökulöldunum og að töluverður gangur hafi enn verið í honum.

Lýsing Þorvaldar á Hraukum, er myndræn og skemmtileg og er engu við hana að bæta. Þó svipaðar myndanir séu fyrir framan Brúarjökul, en á báðum þessum stöðum gekk jöklultunga út yfir mýrarjarðveg og vöðlaði honum upp, eru þessar þó einstakar fyrir þrýstigarðana framan við hinn eiginlega jökulgarð. Garðarnir eru fallegastir á eyrunum báðum megin við Eyjafell og suður að Innri-Bergkvísl. Vestar hafa vesturkvíslar frá jöklinum sópað öllum ummerkjum framhlaupsins burt. Vestan við jökulgarðinn eru nokkur jökkuler í röð, í beinu framhaldi af garðinum. Er þar án efa framhald garðsins, sem grafist hefur í ármöl. Kerin mynduðust þegar ísinn í görðunum bráðnaði.

### 4.2 Framhlaup árið 1931

Friðrik Stefánsson bóndi á Hóli í Fljótsdal, sem kom árlega að Eyjabakkajökli, fylgdist með jöklinum hörfa viðstöðulaust allt til ársins 1931 (Sigurður Þórarinsson 1938). Um sumarið 1931 gekk jökkullinn aftur á móti fram, a.m.k. vesturhluti hans, og var jaðarinn mjög brattur um haustið. Sigurður kom að jöklinum árið 1935 og mældi þá, ásamt Pálma Hannessyni, langsnið frá Hraukum inn að jökuljaðrinum. Staðfesta þau frásögn Friðriks. Sigurður telur að jökkullinn hafi ruðst fram um a.m.k. 250 m. Jökulgarðar frá þessu fram-

hlaupi eru um 250 m innan við garðana frá 1890 á þeim stað þar sem Sigurður mældi. Árið 1935 hafði jaðarinn hörfað um 100 m frá garðinum. Þýski jarðfræðingurinn Todtmann (1953, 1960) lýsir jökulgörðum frá þessari framrás. Enn mótar fyrir framhaldi þessa garðs til vesturs á sama hátt og 1890 garðinum, þ.e. í formi jökulkera á sandinum suðvestan Eyjafells.



Misgömul grunnkort, annars vegar kort OS eftir loftmyndum teknum 1967 og hins vegar kort Ísgraf eftir myndum teknum 1998, má sjá að röndin færst til eftir framhlaupum. Fyrra kortið er frá því fyrir framhlaupið 1972-73, en það seinna að tveim hlaupum liðnum, ef tilgáta um framhlaup fyrir 1990 er rétt (sjá nánar í kaflanum "Hugleiðingar um framhlaup Eyjabakkajökuls.")

#### 4.3 Framhlaup árið 1938

Árið 1938 gekk jökullinn fram á ný og ýtti upp háum görðum um 750 m innan við Hrauka. Sama ár gekk austasti hluti Brúarjöklus fram (Sigurður Þórarinsson 1938). Todtmann (1953, 1960) lýsir jökulgörðum frá þessari framrás, en þá má rekja slitrótt innan við garðinn frá 1931, einkum sunnan Eyjafells.

#### 4.4 Framhlaup 1972-1973

Síðasta framrás, sem vitað er um með vissu, var haustið 1972 fram á haust 1973. Gunnsteinn Stefánsson, starfsmaður Vatnamælinga Orkustofnunar, sendi skýrslu til Vatnamælinga og segir þar m.a. að 25. ágúst hafi Jökulsá í Fljótsdal orðið óvenju skollituð. Rennsli var annars eðlilegt. Um 20. september, er gangnamenn komu að jöklínnum, var framskrið áætlað 800-1000 m. Á tímabilinu 7.-21. október mældist framhlaupið 370 m. 16. september mældi Gunnsteinn framskriðið frá 21. október árið áður og var það þá orðið 620 m. Alls hefur því jökullinn skriðið fram hátt í 2 km.

#### 4.5 Framhlaup rétt fyrir 1990 ?

Gunnsteinn mældi jökulinn árlega til dauðadags 1985 og hopaði hann stöðugt þann tíma. Eftir það hafa mælingar verið litlar sem engar. Ekki eru neinar heimildir um framhlaup eftir 1973. Á loftmyndum má þó rekja mjög greinilegan jökulgarð austan við urðarrann, rúmlega 1 km leið, sem bendir til þess að eystri tungan hafi hlaupið aftur (sjá jarðgrunnskortið). Á ljósmynd sem Oddur Sigurðsson tók úr lofti 8. ágúst 1991 sést vel að rétt framan við jökuljaðarinn er nokkuð myndarlegur jökulgarður. Er hann hæstur við austurbakka lónsins. Því má gera að því skóna, að rétt fyrir 1990 hafi eystri tunga Eyjabakkajöklus hlaupið fram.

#### 4.6 Hugleiðingar um framhlaup Eyjabakkajöklus

Eyjabakkajökkull er tvískiptur af urðarrana eða -rönd, sem á rætur sínar að rekja í "Hnjúkafelli". Jökullinn rifur berg úr fjallinu, sem berst niður í hann og kemur svo aftur upp á yfirborð hans við bráðnun nær jaðrinum. Urðarröndin í Eyjabakkajöklum teknum 1967 og hins vegar kort Ísgraf eftir myndum teknum 1998, má sjá að röndin færst til eftir framhlaupum. Fyrra kortið er frá því fyrir framhlaupið 1972-73, en það seinka hugsanlega að tveim hlaupum liðnum, ef tilgátan um framhlaup fyrir 1990 er rétt.

Talið hefur verið að eystri og vestari tungurnar hlaupi ekki endilega fram samtímis. Af legu jökulgarðanna má ráða eftirfarandi:

- 1890 hlupu báðar tungurnar og Brúarjökkull líka.
- 1931 hljóp vesturtungan örugglega, og samkvæmt jökulgörðum hefur sú eystri að öllum líkindum hlaupið líka.
- 1938 hljóp vesturtungan örugglega, en ekki eru örugg ummerki eftir þá eystri. Austurhluti Brúarjöklus hljóp samtímis.

- 1972 hljóp austurtungan örugglega en ekki eru nein ummerki eftir vesturtunguna.
- 1990 hljóp austurtungan (?) en ekki er vitað um vesturtunguna.

## 5. Skálarjöklar í Snæfelli

Á jarðgrunnskortinu er útbreiðsla Snæfellsjöklar sínd eins og hún er á korti Árna Hjartarsonar (2000). Í Snæfelli eru skálarjöklar hvor sínum megin hátinds. Hálsajökull er austan í Snæfelli og nær niður í um 800 m y.s. Framan við hann er mjög áberandi jökulgarður, sennilega að mestu úr ís, en þakinn grófu gjósukkenndu efni. Garðurinn er sennilegast frá því um aldamótin síðustu.

Um miðbik aurkeilunnar undan jöklínúm eru nokkrir hraukar, sem eru eldri en keilan sjálf, en efni þeirra er á engan hátt frábrugðið öðrum hlutum hennar. Þegar þessir hraukar mynduðust hefur jökulröndin staðið tölувert utar en við áðurnefnda jökulgarða ofan keilunnar. Sigurður Pórarinsson (1964) leiddi að því rök að Hálsajökull hefði gengið lengst fram á kuldatímanum fyrir um tveim og hálfu þúsundi ára. Er ekki útilok-að að fyrrgreindir hraukar hafi myndast þá.

## 6. Heimildir

Árni Hjartarson 2000: Leyndardómar Snæfellsjöklar. Kortlagning og stærðarmæling. Orkustofnun, greinargerð ÁH-2000/09.

Ingibjörg Kaldal og Skúli Víkingsson, 2000: Jarðgrunnskort af umhverfi Háslóns. Orkustofnun

Oddur Sigurðsson, Ágúst Guðmundsson, Skúli Víkingsson, Sigbjörn Guðjónsson, Halína Bogadóttir, Hákon Aðalsteinsson, Kristinn Einarsson, Snorri Zóphóníasson, 1985: Fljótsdalsvirkjun. Undirbúningsrannsóknir vegna verkhönnunar. Hefti I og II. Orkustofnun, OS-85027/VOD-01, apríl 1985. Unnið fyrir Landsvirkjun.

Sigurður Pórarinsson, 1938: Über anomale Gletscherschwankungen mit besonderer Berücksichtigung des Vatnajökullgebietes. *Geologiska Föreningens i Stockholm Förhandlingar*. Bd. 60 H. 3. 1938.

Sigurður Pórarinsson, 1964: On the Age of the Terminal Moraines of Brúarjökull and Hálsajökull. A tephrochronological study. *Jökull*, 14.ár, 67-75. Reykjavík 1964.

Sigvaldi Árnason, 2000: Athugun á framburði svifaurs undan Eyjabakkajökli. Orkustofnun, greinargerð. SÁ-2000/01. 20-01-2000.

Skúli Víkingsson, Sigbjörn Guðjónsson og Gunnar Birgisson, 1982: Fljótsdalsvirkjun. Byggingarefniskönnun. Bráðabirgðaskýrsla. Orkustofnun, OS-82013/VOD09 B. Febrúar 1982. 1-89.

Todtmann, Emmy Mercedes, 1953: Am Rand des Eyjabakkagletschers 1953. *Jökull*.  
3. árg., 34-37.

Todtmann, Emmy Mercedes, 1960: *Gletscherforschungen auf Island (Vatnajökull)*.  
Abhandlungen aus dem Gebiet der Auslandskunde. Band 65 - Reihe C Naturwissen-  
schaften) Band 19. Hamburg Cram, De Gruyter & co 1960. 1-95

Þorvaldur Thoroddsen, 1914: *Ferðabók. Skýrslur um rannsóknir á Íslandi 1882-1898*.  
Þriðja bindi. Kaupmannahöfn, Hið íslenzka fræðafélag, 1914. 1-360.

# EYJABAKKAR

## Jarðgrunnskort

Ingibjörg Kaldal  
Skúli Víkingsson

### SKÝRINGAR

J1	Jökulruðningur	Jökulgarðar
J2	Leysingarruðningur (jökulgarðar)	Merki um jökulaðar
J3	Jökulruðningur, þunnar eða ósamfeldur	Jökulýttur jarðvegur
K3	Veðrunarset, þunnar eða ósamfelt	Jökulkembur
G1	Jökulárset, gamalt	Jökulrákir; því fleiri hök því eldri
G2	Jökulárset, gamalt og þunnt	Malarás
Á1	Árset og jökulárset í myndun	Sprungufyllingar úr jöklum
Á2	Árset, þunnt	Farvegir grafnir í set
F1	Foksandur	Farvegir grafnir í berg
R1	Jarðvegur	Aurkeila Alluvial fan
T1	Mýrarjarðavegur	Rofbækki
Z	Óhulið berg	Vegur, slóð
U1	Manngerðar fyllingar	Jökuljæðar eftir loftmyndum frá 1975 og 1984

### Uppruni grunnkorta

Hæðarlínur skv. kortum OS 1975 til 1976
Hæðarlínur reiknaðar út úr kortum OS 1974
Hæðarlínur, Ísgraf 1999
Vatn hnitað eftir myndkorti frá 1998

Viðmiðun: ÍSN93

Hraðakerfi: Keiluvörpun Lambert's ( $65^{\circ} 19'$ )  
Hæðarlínur og vatn eru eftir grunnkortum Orkustofnunar frá 1978 í mælikvarði 1:20.000, nema frá syðst hlautnum (Vatn) kvennaðar með hæðarlínur eftir Ísgraf frá 1998.  
Mannverki eru hmituð af myndkortum Loftmynda ehf frá 1998 einnig vatrið að hluta. Ómæni eru samkvæmt Einari Þórarinssyni (1997).

Tilvisun í kortið:  
Ingibjörg Kaldal og Skúli Víkingsson, 2000:  
Eyjabakkar, Jarðgrunnskort.  
Orkustofnun og Landsvirkjun

